

UMBODSMADUR ALÞINGIS

Pórshamri, Templarasundi 5, 101 Reykjavík
Sími: 510 6700 • Netfang: postur@umbodsmadur.is
Heimasíða: www.umbodsmadur.is

Mál nr. F148/2024

Reykjavík, 9. janúar 2025

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið
Síðumúla 24
108 Reykjavík

I

Vísað er til fyrri samskipta umboðsmanns Alþingis við félags- og vinnumarkaðsráðuneytið vegna fyrirkomulags og framkvæmdar réttindagæslu fyrir fatlað fólk. Með bréfi 15. febrúar 2024 óskaði umboðsmaður eftir afstöðu ráðuneytisins til þess hvort þáverandi fyrirkomulag eða framkvæmd réttindagæslu fyrir fatlað fólk væri í samræmi við efni og markmið samnefndra laga nr. 88/2011. Væru brotalamir eða vandkvæði uppi við framkvæmd laganna var óskað nánari skýringa á því svo og hvort ráðuneytið hefði þegar eða hefði í hyggju að grípa til aðgerða af því tilefni.

Umboðsmanni bárust svör ráðuneytisins 13. mars 2024 og lutu þau einkum að ráðgerðum breytingum á umgjörð réttindagæslunnar, þ. á m. lagabreytingum sem þá var óvíst hvenær kæmu til framkvæmda. Í svörunum var þannig rakið að þáverandi forsætisráðherra hefði í september 2023 lagt fram frumvarp til laga um Mannréttindastofnun Íslands, sem réttindagæslan myndi færast undir. Af svörunum varð hins vegar hvorki ráðin afstaða ráðuneytisins til þess hvort þáverandi fyrirkomulag eða framkvæmd réttindagæslunnar væri í samræmi við efni og markmið laga nr. 88/2011 né veittar skýringar á því hvort og þá hvaða vandkvæði væru við framkvæmd laganna, líkt og óskað var eftir.

Af þessu tilefni var ráðuneytinu á ný ritað bréf 10. apríl 2024, með ósk um svör við þeim spurningum sem eftir stóðu úr bréfinu frá 15. febrúar. Ráðuneytið óskaði eftir lengri svarfresti og var hann veittur til 15. maí þess árs. Svör ráðuneytisins hafa þó enn ekki borist, þrátt fyrir ítrekanir af hálfu umboðsmanns.

Sem kunnugt er var frumvarp til laga nr. 88/2024, um Mannréttindastofnun Íslands, samþykkt á Alþingi 22. júní 2024 en samkvæmt 9. gr. laganna skulu réttindagæslumenn fatlaðs fólks starfa innan Mannréttindastofnunar. Samkvæmt ákvæði II til bráðabirgða við lögin skulu störf réttindagæslumanna og annars starfsfólks réttindagæslu fyrir fatlað fólk með ráðningarsamband við félags- og vinnumarkaðsráðuneytið lögð niður. Samkvæmt upprunalegu gildistökuákvæði 11. gr. laganna áttu þau að taka gildi 1. janúar

2025. Með 1. gr. laga nr. 138/2024, um breytingu á lögum um Mannréttindastofnun Íslands, nr. 88/2024 (frestun gildistöku) var gildistöku þeirra hins vegar frestað til 1. maí 2025. Gildistöku ákvæðis II til bráðabirgða við lögina var þó ekki frestað. Voru störf réttindagæslumanna og annars starfsfólks réttindagæslu með ráðningarsamband við ráðuneytið þar með lögð niður 1. janúar 2025.

Í ljósi þeirra breytinga sem nú hafa orðið á réttindagæslu fyrir fatlað fólk liggur fyrir að ekki þjónar lengur tilgangi að fá svör við þeim spurningum sem umboðsmaður beindi upphaflega til ráðuneytisins snemma á síðasta ári um fyrirkomulag og framkvæmd réttindagæslunnar. Af því tilefni er því komið á framfæri við ráðuneytið að ákvæði 7. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, veita umboðsmanni víðtækan rétt til að krefja stjórnvöld um upplýsingar og skýringar. Forsenda þess að umboðsmaður geti rækt það eftirlitshlutverk með stjórnarsýslunni sem henni er ætlað samkvæmt fyrrnefndum lögum er að stjórnvöld svari fyrirspurnum og láti henni í té fullnægjandi upplýsingar og skýringar sem óskað er eftir innan hæfilegs tíma, sbr. til hliðsjónar álit setts umboðsmanns frá 29. desember 2009 í máli nr. 5334/2008.

II

Frá samþykkt laga nr. 138/2024 og fram til 1. maí 2025 skal það ráðuneyti sem fer með málefni réttindagæslu fyrir fatlað fólk tryggja að ekki verði rof á þjónustu réttindagæslunnar, sbr. ákvæði IV til bráðabirgða við lög nr. 88/2014. Ráðuneytið skal þannig tryggja samfellda þjónustu, m.a. með ráðningu starfsfólks tímabundið til að sinna réttindagæslu fatlaðs fólks og gerð tímabundins þjónustusamnings við Mannréttindaskrifstofu Íslands.

Hinn 2. desember 2024 birtist frétt á vef Stjórnarráðsins um að frá áramótum og til 1. maí 2025 myndi ráðuneyti félagsmála ráða tímabundið til starfa sérfræðinga hjá Samskiptastöðinni ehf., sem hefðu þekkingu og reynslu af málefnum og réttindum fatlaðs fólks. Myndu þeir starfa sem réttindagæslumenn fatlaðs fólks á grundvelli laga nr. 88/2011. Hins vegar birtist 12. desember sl. frétt í fjölmiðlum þess efnis að hagsmunasamtök fatlaðs fólks hefðu gert alvarlegar athugasemdir við áform stjórnvalda að þessu leyti.

Um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins er fjallað í samnefndum lögum nr. 70/1996. Lögina taka til hvers manns sem er skipaður, settur eða ráðinn í þjónustu ríkisins til lengri tíma en eins mánaðar, án tillits til þess hvort og þá hvaða stéttarfélagi hann tilheyrir, enda verði starf hans talið aðalstarf, sbr. 1. mgr. 1. gr. laganna. Störf, önnur en embætti, skulu auglýst opinberlega samkvæmt reglum settum af ráðherra, sbr. 1. málslíð 3. mgr. 7. gr. laganna, nema heimild sú sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 7. gr. eigi við. Með stoð í fyrrnefndu lagagreininni setti fjármála- og efnahagsráðherra reglur nr. 1000/2019, um auglýsingar lausra starfa. Þar er í 2. mgr. 2. gr. mælt fyrir um þau tilvik þar sem ekki er skylt að auglýsa störf,

þ. á m. þegar störf eiga aðeins að standa í tvo mánuði eða skemur, sbr. 1. tölulið málsgreinarinnar, eða eru tímabundin vegna sérstakra aðstæðna, s.s. orlofs, veikinda eða leyfis, enda sé ráðningunni ekki ætlað að standa lengur en 12 mánuði samfellt, sbr. 2. tölulið hennar.

Með lögum nr. 138/2024 var breytingum á lögum nr. 88/2011, um réttindagæslu fyrir fatlað fólk, frestað, utan þeirra breytinga sem mælt er fyrir um í i-l lið 1. tölulið 12. gr. laga nr. 88/2024. Lög nr. 88/2011 gilda því að hluta til óbreytt til 1. maí 2025. Um réttindagæslumenn fatlaðs fólks er fjallað í III. kafla laganna. Ákvæði 1. og 2. mgr. 4. gr. þeirra hljóða svo:

Á landinu skulu starfa svæðisbundnir réttindagæslumenn fatlaðs fólks sem ráðherra skal ráða að fenginni umsögn heildarsamtaka fatlaðs fólks. Skilyrði er að réttindagæslumenn hafi þekkingu og reynslu af málefnum og réttindum fatlaðs fólks. Leitast skal við að ráða réttindagæslumenn sem hafa menntun sem nýtist þeim í starfi.

Réttindagæslumaður má ekki, samhliða starfi sínu sem réttindagæslumaður, starfa fyrir þjónustuaðila á viðkomandi þjónustusvæði í starfi sem er ósamrýmanlegt starfi réttindagæslumanns.

III

Með vísan til ofangreinds og í þeim tilgangi að kanna hvort ástæða sé fyrir umboðsmann til að taka tiltekin atriði tengd réttindagæslu fatlaðs fólks til frekari skoðunar er þess óskað, sbr. 5. og 7. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, að ráðuneytið veiti umboðsmanni upplýsingar og eftir atvikum afrit af gögnum sem kunna að varpa ljósi á eftirfarandi atriði:

1. Hvernig réttindagæslu fyrir fatlað fólk er fyrir komið til 1. maí 2025, þ. á m. svæðisbundinni þjónustu, og hvaða reglur og sjónarmið liggja því fyrirkomulagi til grundvallar. Með vísan til fréttar á vef Stjórnarráðsins 2. desember sl. er óskað eftir afritum samninga ráðuneytisins við sérfræðinga hjá Samskiptastöðinni ehf. og eftir atvikum þjónustusamningi við Mannréttindaskrifstofu Íslands, sbr. ákvæði IV til bráðabirgða við lög nr. 88/2024, eins og þeim var breytt 18. nóvember sl.
2. Afstöðu ráðuneytisins til þess hvort og þá hvernig ráðning sérfræðinga Samskiptastöðvarinnar ehf. í störf réttindagæslumanna samrýmist reglum um auglýsingu opinberra starfa, sbr. 1. málslið 3. mgr. 7. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, og 2. gr. reglna nr. 1000/2019, um auglýsingar lausra starfa.
3. Hvort og þá með hvaða hætti gætt var að því að afla umsagnar heildarsamtaka fatlaðs fólks vegna ráðningar sérfræðinga Samskiptastöðvarinnar ehf. til að sinna réttindagæslunni, sbr. 1. málslið 1. mgr. 4. gr. laga nr. 88/2011.

4. Með hvaða hætti þekking og reynsla sérfræðinga hjá Samskiptastöðinni ehf. af málefnum og réttindum fatlaðs fólks var metin, svo og menntun, sbr. 2. og 3. málslíð 1. mgr. 4. gr. laga nr. 88/2011. Ef gögn liggja fyrir um matið er sérstaklega óskað eftir afritum af þeim.
5. Hvort ráðuneytið hafi skoðað sérstaklega hvort og þá hvernig ráðning sérfræðinga frá Samskiptastöðinni ehf. í störf réttindagæslumanna samrýmist áskilnaði 2. mgr. 4. gr. laga nr. 88/2011. Í því sambandi er einkum höfð í huga staða Samskiptastöðvarinnar ehf. sem lögaðila sem hefur haft með höndum þjónustu fyrir hönd sveitarfélaga, þ. á m. barnaverndarþjónustu (sjá t.d. skýrslu umboðsmanns Alþingis frá 27. júní 2024 vegna heimsóknar í Vinakot 26.-27. apríl 2023, bls. 23).
6. Loks er þess óskað að ráðuneytið lýsi afstöðu sinni til þess hvort núverandi fyrirkomulag tryggi viðhlítandi samfelli í þjónustu réttindagæslunnar, sbr. ákvæði IV til bráðabirgða við lög nr. 88/2024, eins og þeim var breytt 18. nóvember sl.

Þess er óskað að umbeðnar upplýsingar berist umboðsmanni eigi síðar en 30. janúar nk.

Virðingarfyllst,
f.h. umboðsmanns Alþingis

Vilhelmina Ósk Ólafsdóttir
Vilhelmina Ósk Ólafsdóttir
skrifstofustjóri frumkvæðismála og
OPCAT